



Norræna
ráðherranefndin

Samstarfsáætlun um **félags- og heilbrigðismál** 2025–2030

Í átt að framtíðarsýninni 2030



Efnisyfirlit

Formáli	3
Inngangur	5
Bakgrunnur	7
Markmið 1: Velferðarkerfi Norðurlanda skulu vera sjálfbær, af miklum gæðum, örugg fyrir notendur jafnt sem starfsfólk og aðgengileg öllum	9
Markmið 2: Norðurlönd skulu stuðla að góðri líkamlegri og andlegri heilsu, velferð og lífsgæðum fyrir alla	12
Markmið 3: Norrænu samfélögin skulu rýma og inngilda alla	14
Samstarf um málefni ESB og alþjóðleg málefni	17
Úttekt á samstarfsáætluninni	18
Um ritið	19

Þetta rit er einnig fáanlegt á netinu í vefaðgengilegri útgáfu:
<https://pub.norden.org/politiknord2024-744>

Formáli



Jakob Forssmed
félagsmálaráðherra Svíþjóðar



Karen Ellemann
framkvæmdastjóri Norrænu
ráðherranefndarinnar

Árið 2019 samþykktu norrænu forsætisráðherrarnir Framtíðarsýn okkar um að Norðurlönd verði árið 2030 orðið sjálfbærasta og samþættasta svæði heims. Eftirfylgni með vinnunni að framtíðarsýninni frá árinu 2023 sýnir meðal annars að við erum komin langt í átt að félagslega sjálfbæru svæði sem einkennist af góðri heilsu, mikilli atvinnuþátttöku, miklu trausti og lágri glæpatíðni.

Þó eru enn ýmsar áskoranir sem bregðast þarf við svo að Norðurlönd nái markmiði sínu. Félags- og heilbrigðismál skipta máli þegar takast skal þá við þessar áskoranir og nýta ný tækifæri.

Heimurinn hefur breyst síðan framtíðarsýnin var samþykkt. Við höfum upplifað stærsta heimsfaraldur samtímans, stríð er hafið í Evrópu, verðbólga hefur aukist á Norðurlöndum og sérstaklega hefur matar- og orkuverð hækkað þannig að það hefur áhrif á daglegt líf íbúa landanna. Samtímis einkennist lýðfræðileg þróun af vaxandi íbúafjölda með hækkandi meðalaldri.

Afleiðing þessa er að á Norðurlöndum er nú hættu á að þessar alþjóðlegu breytingar bitni sérstaklega illa á einstökum hópum.

Hækkandi meðalaldur mun í auknum mæli verða áskorun fyrir heilbrigðis- og velferðarkerfin er fleiri þurfa á stuðningi að halda um leið og fækkun verður á vinnuafli og hlutfall ungs fólks minnkar. Sérstaklega strjálbýl svæði eru og munu áfram verða fyrir miklum áhrifum.

Álagið á heilbrigðis- og velferðarkerfin samhliða aukinni verðbólgu skapa hættu á auknum félagslegum og heilbrigðislegum ójöfnuði á Norðurlöndum. Þörf er á auknum aðgerðum til að tryggja að allir hafi jafnan aðgang að velferðarkerfinu og jöfn tækifæri til að lifa heilbrigðu og góðu lífi.

Þetta eru aðeins nokkrar hinna almennu áskorana á sviði heilbrigðis- og félagsmála sem norræn samfélög standa frammi fyrir. En sem betur fer stöndum við einnig frammi fyrir ýmsum mögulegum lausnum, sér í lagi ef við vinnum náið saman.

Með norrænu samstarfsáætluninni um félags- og heilbrigðismál er því brugðist við þessum áskorunum og er það markmið okkar að hinar væntanlegu þriggja ára starfsáætlanir beini sjónum markvisst að aðgerðum sem geta átt þátt því í að leysa þessar áskoranir og minnka umfang þeirra.

Góða skemmtun við lesturinn!



Jakob Forssmed
félagsmálaráðherra, Svíþjóð



Karen Ellemann
framkvæmdastjóri Norrænu
ráðherranefndarinnar

Inngangur

Í samstarfsáætlun um félags- og heilbrigðismál er pólitískum áherslum og markmiðum fyrir tímabilið 2025–2030 lýst.

Að tryggja jafnan aðgang allra að velferferðarþjónustu og styrkja almennu velferðarkerfin; að fyrirbyggja geðræn veikindi, geðheilbrigðisvanda og einmanaleika í öllum samfélagshópum; að tryggja jöfn tækifæri allra til að lifa góðu og heilbrigðu lífi; og að grípa inn í með tímanlegum, fyrirbyggjandi og sjálfbærum aðgerðum. Þetta er kjarni þessarar samstarfsáætlunar.

Norrænu notagildi og virðisauka verður náð fram með nánu og samfelldu norrænu samráði sem styður við þekkingarmiðlun og dreifingu árangursríkra aðgerða milli landanna. Þegar það er mögulegt og nauðsynlegt þarf að hrinda beinum samnorrænum aðgerðum eða verkefnum í framkvæmd.

Við gerð samstarfsáætlunarinnar var samráð haft við Norðurlandaráð, borgarasamfélagið og aðra viðkomandi aðila. Norðurlandaráð hefur skilað athugasemdom, bæði skriflega og munnlega, á samráðsfundi um samstarfsáætlunina. Þá hafa bæði aðilar innan samstarfsins og utanaðkomandi skilað álitum um samstarfsáætlunina.

Samstarfsáætlunin er stýrandi fyrir alla starfsemi undir Norrænu ráðherranefndinni á sviði félags- og heilbrigðismála. Samstarfsáætlunin var samþykkt af ráðherranefndinni um félags- og heilbrigðismál hinn 19. september 2024 og gildir hún til 31. desember 2030.

Samstarfsáætlunin tekur mið af því hlutverki Norrænu ráðherranefndarinnar að stuðla að framtíðarsýninni um að Norðurlönd verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Allar ráðherranefndir Norrænu ráðherranefndarinnar vinna að því að uppfylla framtíðarsýnina á hinum þremur stefnumarkandi áherslusviðum. *Græn Norðurlönd, samkeppnishæf Norðurlönd og félagslega sjálfbær Norðurlönd.*

Hvað varðar samstarf á sviði félags- og heilbrigðismála er tekið mið af hinni þverfaglegu sýn á jafnréttismál, málefni barna og ungmenna, sjálfbæra þróun og fötlunarmál líkt og gert er í norrænu samstarfsáætluninni á sviði fötlunarmála fyrir árin 2023–2027. Þá er velt upp möguleikum á þverfaglegu samstarfi annarra fagsviða og aðgerða utan Norrænu ráðherranefndarinnar eins og við á og mögulegt er.

Framtíðarsýn okkar 2030



Samkeppnishæf Norðurlönd

Saman ætlum við að efla grænan hagvöxt á Norðurlöndum, byggðan á þekkingu, nýsköpun, hreyfanleika og stafrænni samþættingu.



Græn Norðurlönd

Saman ætlum við að greiða fyrir grænum umskiptum í samfélögum okkar og vinna að kolefnishlutleysi og sjálfbæru hringrásarhagkerfi og lífhagkerfi.

Norðurlönd eiga að verða sjálfbærasta og samþættasta svæði heims



Félagslega sjálfbær Norðurlönd

Saman ætlum við að efla samfellt svæði án aðgreiningar þar sem jafnrétti ríkir og sem byggist á sameiginlegum gildum og enn öflugri menningarsamskiptum og velferð.

Öll starfsemi Norrænu ráðherranefndarinnar á að stuðla að því að gera að veruleika framtíðarsýn okkar um að Norðurlöndin verði sjálfbærasta og samþættasta svæði heims árið 2030. Samstarfsáætlunin lýsir því hvernig fagsviðið ætlar að vinna með stefnumarkandi áherslurnar þjár.

Bakgrunnur

Norræna velferðarlíkanið er almennt líkan og meginstoð þess er ókeypiss og jafn aðgangur allra. Allir íbúar Norðurlanda eiga að hafa tækifæri til að lifa góðu og heilbrigðu lífi og geta fengið góða hjálp þegar þeir þurfa á að halda. Norðurlönd sem svæði standa hins vegar frammi fyrir ýmsum áskorunum sem krefjast þess að ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál vinni markvisst og með metnaðarfullum hætti.

Mæta kerfislægum áskorunum fyrir norræna velferðarkerfið

Skortur á vinnuafli, lýðfræðileg þróun og aukin þörf á flóknum meðferðarúrræðum krefjast betri vinnuáferða þar sem starfskraftar og hæfni nýtast með sem skilvirkustum hætti. Stafrænar lausnir og velferðartæknilausnir, snemmbærari og markvissari fyrirbyggjandi og uppbyggilegar aðgerðir sem og öflugt samstarf þvert á faggreinar, hæfnisvið og landsvæði geta stuðlað að nýjum og betri meðferðum. Einnig er þörf á samnorrænni sýn á það hvernig við ráðum, höldum í og endurmenntum í sífellu vinnuafli með árangursríkum hætti. Einnig þarf að leggja áherslu á aukið samstarf og stuðning við virkt borgarasamfélag.

Auka inngildingu, hreyfanleika og jöfn tækifæri fyrir alla

Við þurfum að standa vörð um og þróa Norðurlönd sem svæði með jöfnum tækifærum og réttindum allra, mikilli atvinnuþátttöku, hraustum efnahag, miklu trausti og öflugum velferðar- og heilbrigðiskerfum. Þess vegna þurfum við að halda áfram að vinna að því að stuðla að jöfnum tækifærum og koma í veg fyrir að fólk sitji eftir vegna félagslagfræðilegra aðstæðna, takmarkaðra möguleika á strjálbýlum svæðum og framboðs innan félagsmála- og heilbrigðiskerfisins, sem getur verið flókið og óaðgengilegt fyrir einstaklinga sem leita sér hjálpar. Um leið þurfum við að vinna að því að minnka misskiptingu í heilbrigðismálum. Þess vegna þarf að setja lýðheilsupólitískt og heilsueflandi starf í forgang og efla það til að skapa forsendur fyrir góðri og jafnri heilsu á Norðurlöndum.

Efla viðnámsþrótt og sjálfbærni fyrir tryggja velferð

Við þurfum að vinna að þróttmiklum og sjálfbærum Norðurlöndum. Norðurlöndum sem eru sveigjanleg og undirbúin fyrir samfélagsleg og alþjóðleg vandamál, rétt eins og þau sem við höfum staðið frammi fyrir á undanförunum árum. Til dæmis stuðlar loftlagvandinn einnig að heilbrigðisvanda og mun verða ein af áskorunum heilbrigðis- og umönnunargeirans um ókomna tíð. Stuðla þarf að umskiptum yfir í sjálfbær félags- og heilbrigðskerfi sem losa lítið og eru aðlöguð að loftslagsbreytingum. Norrænu löndin þurfa einnig vegna versnandi aðstæðna í heiminum að vera tilbúin til að auka viðbúnað. Norðurlönd þurfa að búa yfir öflugum og sjálfbærum heilbrigðisviðbúnaði og afhendingaröryggi. Norðurlönd þurfa í sameiningu að bregðast við sýklalyfjaónæmi sem er ein stærsta ógn við lýðheilsu og möguleika þess að geta í framtíðinni meðhöndlað sýkingar og nýtt meðferðarúræði samtímans. Norðurlönd eiga að vera svæði þar sem allir finna fyrir öryggi – bæði líkamlegu og félagslegu, og þar sem fleiri geta lagt sitt af mörkum. Þegar við á þarf að taka tillit til nærliggjandi svæða og annars alþjóðlegs samstarfs.

Með hliðsjón af þessu telur Norræn ráðherranefnd félags- og heilbrigðismála eftirfarandi þrjár tegundir aðgerða sérstaklega viðeigandi fyrir framkvæmd samstarfsáætlunarinnar:

- Fyrirbyggjandi, uppbyggilegar og tímanlegar aðgerðir
- Stafvæðing og nýsköpun
- Samstarf og þátttaka borgarasamfélagsins

Til að mæta núverandi áskorunum á sviði félags- og heilbrigðismála hefur ráðherranefndin um félags- og heilbrigðismál komist að samkomulagi um að samnorrænar aðgerðir á tímabilinu 2025–2030 skuli stuðla að eftirfarandi markmiðum og undirmarkmiðum.

Markmið 1: Velferðarkerfi Norðurlanda skulu vera sjálfbær, af miklum gæðum, örugg fyrir notendur jafnt sem starfsfólk og aðgengileg öllum



Til að Norðurlönd verði sjálfbærasta, samkeppnishæfasta og félagslega sjálfbærasta svæði heims þarf að styrkja norrænu velferðarkerfin enn frekar og búa þau undir þá framtíð sem við stöndum frammi fyrir. Öflug velferðarkerfi með jafnan og réttlátan aðgang fyrir alla munu stuðla að því að fleiri geti framfleytt sér og tekið virkan þátt í samfélaginu – sem og öflugra og réttlátara samfélagi með bættri líkamlegri og andlegri heilsu. Engu að síður þarf að aðlaga velferðarkerfin að lýðfræðilegri þróun og skipuleggja þau þannig að meðferðir og aðgerðir verði árangursríkar, sjálfbærar og tryggar til framtíðar. Til að tryggja megi heilbrigðiskerfi framtíðarinnar verðum við að bregðast við ógnum á borð við sýklalyfjaónæmi, tryggja aðgengi að lyfjum, efla heilbrigðisviðbúnað og auka afhendingaröryggi.

Undirmarkmið 1.1:
Velferðarkerfi
Norðurlanda skulu
vera skilvirk,
aðgengileg, nálæg,
örugg fyrir bæði
sjúkinga og
heilbrigðisstarfsfólk
og byggð á
forvörnum og
eflingu með
notandann í
miðpunkti.

Aðeins með jöfnum aðgangi að heilbrigðis- og félagsþjónustu – snemma í ferlinu og þegar þörfin verður til – og með náinni þverfaglegri samræmingu og samstarfi innan félags- og heilbrigðiskerfa getum við minnkað ójöfnuð, aukið samstöðu og atvinnuþátttöku og skapað félagslega sjálfbært svæði. Til að geta gripið fyrr inn í og boðið öllum stuðning þarf samþætta, einfalda og skilvirka velferðarþjónustu sem og endurmat á meðferðarúrræðum og -framboði.

Undirmarkmið 1.2:
Velferðarkerfi
Norðurlanda þurfa
að vera nægilega
vel mönnuð og rekin
af hæfu
starfsfólki.

Við verðum að tryggja nægilegan fjölda starfsfólks í félags- og heilbrigðisþjónustu, að vinnuumhverfi þess sé gott, vinnuaðferðir þess skilvirkar og þekkingargrunnur við hæfi. Velferðartækni og aukið norrænt þekkingarsamstarf geta verið hluti af lausninni. Um leið getur stafrænt aðgengi og aðrar sveigjanlegar fjarskiptalausnir leitt til betra og aukins framboðs til íbúa í dreifbýli og gert íbúa Norðurlanda að kleift að þiggja þjónustu þvert á landamæri.

Undirmarkmið 1.3:
Norðurlönd eiga að
búa við
sameiginlegan
viðbúnað á sviði
heilbrigðismála,
viðnámsprótt og
traustar og
sjálfbærar
afhendingarkeðjur.

Staða öryggimála er grafalvarleg. Við verðum að vera búin undir heilbrigðisvanda og -hamfarir framtíðarinnar. Betri og samræmdari viðbúnaður í krísum og bein tól fyrir norrænt samstarf um heilbrigðisviðbúnað geta verið hluti af lausninni. Auka þarf getu félags- og heilbrigðiskerfa til að bregðast við aðstæðum þar sem fjöldi fólks slasast. Samþætta þarf lýðheilsusjónarmið og líkamlegan og andlegan stuðning inn í heilbrigðisviðbúnaðinn.

**Undirmarkmið 1.4:
Minnka þarf notkun
sýklalyfja og auka
vitund um
afleiðingar
ofnotkunar þeirra.**

Halda þarf áfram baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi út frá sjónarmiðum *Einnar heilsu* (e. One Health) þar sem litið er á samverkan heilsu manna og dýra, matvæla og umhverfis. Forvarnarstarf til að koma í veg fyrir sýkingar og smitleiðir getur dregið úr þörf á sýklalyfjameðferðum. Til að að geta rekið nútímaleg heilbrigðiskerfi og hægt á þróun ónæmra sýkla þurfum við aðgengi að miklu úrvali sýklalyfja og auka vitund um afleiðingar ofnotkunar þeirra. Í samstarfinu þarf framvegis að leggja áherslu á bætt aðgengi að skilvirkum sýklalyfjum í löndunum. Norðurlönd þurfa að stuðla að aukinni alþjóðlegri þátttöku í baráttunni gegn sýklalyfjaónæmi.

**Undirmarkmið 1.5:
Efla þarf vinnuna
að því að auka
aðgengi að lyfjum.**

Markaðir norrænu landanna eru hver fyrir sig tiltölulega smáir, sem skapar áskoranir fyrir lyfjakaup og þar með meðhöndlun m.a. sýkinga og sjaldgæfra og flókinna sjúkdóma. Aukið norrænt samstarf um lyfjainnkaup ætti að bæta aðgengið fyrir markaði okkar. Miðlun þekkingar á nýjum meðferðaraðferðum er einnig mikilvægur liður í því að gera góð meðferðarúræði aðgengileg sjúklingum á Norðurlöndum.

Markmið 2: Norðurlönd skulu stuðla að góðri líkamlegri og andlegri heilsu, velferð og lífsgæðum fyrir alla



Á Norðurlöndum eiga allir að geta lifað góðu og sjálfstæðu lífi sem tryggir góða líkamlega og andlega heilsu einstaklingsins. Með því að stuðla að líkamlegri og andlegri heilsu erum við sterkari sem svæði; færri koma til með að þurfa á heilbrigðis- og félagsþjónustu að halda og fleiri geta tekið virkan þátt í að tryggja gott samfélag. Þess vegna verðum við að leggja áherslu á snemmbærar, fyrirbyggjandi og heilsueflandi aðgerðir fyrir hópa sem eru á jaðri samfélagsins, til dæmis vegna fötlunar. Endurhæfingar og þjálfunarúrræði, t.d. hjálpartæki, þurfa að vera sjálfsagður hluti forvarnarstarfs og heilsueflandi vinnu.

**Undirmarkmið 2.1:
Öllum skal bjóðast
snemmbær,
fyrirbyggjandi,
heilsueflandi,
endurhæfandi og
viðeigandi úrræði til
að minnka
misskiptingu í
heilbrigðismálum.**

Hluti Norðurlandabúa verður fyrir miklum áhrifum af alvarlegum líkamlegum og andlegum sjúkdómum sem eru afleiðingar óheilbrigðra lifnaðarhátta, verulegrar ofþyngdar, kyrrsetu og skaðlegrar misnotkunar á áfengi, nikótínvörum og eiturlyfjum. Meðhöndlun þessara sjúkdóma er kostnaðarsöm fyrir bæði samfélagið og einstaklinga. Þess vegna þarf að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir óheilbrigða lifnaðarhætti, auka aðgengi að snemmbærum meðferðarúrræðum með sérstakri áherslu á börn og ungmenni og efla lýðheilsu almennt. Til að tryggja jafnan aðgang að meðferð og vinna forvarnir gegn sjúkdómum þarf einnig að auka þekkingu á jafnrétti í heilbrigðismálum.

**Undirmarkmið 2.2:
Enginn ætti að vera
varnarlaus
gagnvart andlegum
veikindum eða
einsemd**

Margir hópar í samfélaginu eru í hættu gagnvart geðrænum vandamálum, t.d. fólk í slæmri félagslegri stöðu, eldra fólk, fólk sem býr við fötlun, hinsegin fólk og hópar innflytjenda. Sífellt fleiri ungmenni á Norðurlöndum segjast finna fyrir vanlíðan, einsemd og tilfinningu um almenna vanmáttarkennd. Snemmbærar aðgerðir geta átt þátt í því að ná til ungs fólks sem er í hættu á að lenda utan menntakerfisins og vinnumarkaðarins vegna andlegra veikinda. Við þurfum að skoða upplifun íbúa norrænu landanna af einmanaleika. Í þessu starfi er einnig nauðsynlegt að leggja sérstaka áherslu á forvarnaraðgerðir gegn sjálfsvígum.

**Undirmarkmið 2.3:
Enginn ætti að
verða fyrir andlegu
eða líkamlegu
ofbeldi eða kúgun**

Ofbeldi í nánum samböndum, sérstaklega af hálfu karla gegn konum, er því miður enn stórt vandamál á Norðurlöndum. Allir þurfa að geta fundið fyrir öryggi heima hjá sér og í nánu sambandi. Mikilvægt er að uppræta ofbeldi snemma og vinna að því að fórnarlömb fái þá hjálp og stuðning sem þau þurfa. Samtímis þarf að vinna með fyrirbyggjandi og endurhæfandi hætti svo að færri beiti ofbeldi. Miðla þarf þekkingu á forvörnum og árangursríkum aðgerðum gegn þessu vandamáli um norrænu löndin öll og fylgjast þarf náið með þróuninni.

Markmið 3: Norrænu samfélögin skulu rýma og inngilda alla



Við vitum að þátttaka – að vera hluti af félagsstarfi og geta lagt sitt af mörkum og upplifað að aðrir kunni að meta mann – stuðlar að auknu trausti og er nauðsynleg fyrir velferð fólks til langs tíma litið. Þess vegna ætti engin einstaklingur að upplifa sig útilokaðan eða að samfélagið og fólkið í kringum sig hafi gleymt sér. Sumir íbúar glíma engu að síður við útilokun í formi atvinnuleysis, landfræðilegrar einangrunar, heimilisleysis, líkamlegra og andlegra sjúkdóma, lágra tekna eða takmarkaðra tækifæra til þátttöku og inngildingar vegna skorts á aðgengi eða aðlöguðum stuðningi. Við verðum að leita lausna til að allir hópar taki þátt í samfélaginu, leggi sitt af mörkum og nýti tækifæri sín til fulls. Að efla traust milli fólks og viðhalda samheldni í samfélaginu verður sífellt mikilvægara í samfélögum þar sem fjölbreytni er mikil.

**Undirmarkmið 3.1:
Allir eiga að hafa
jöfn tækifæri til að
lifa góðu og
sjálfstæðu lífi**

Staðan er sú að ekki allir íbúar landa hafa okkar tækifæri nýta möguleika sína til fulls og sjá fyrir sér sjálfir. Þess vegna verðum við að þróa fleiri aðgengilegar stafrænar lausnir sem gera fólki kleift að sækja sér menntun, vinna og taka þátt í félagsstarfi óháð landfræðilegri búsetu og/eða líkamlegri eða andlegri getu. Velferðartæknilausnir og efling stafræn heilbrigðis- og félagsþjónusta eru nauðsynlegar til að geta boðið upp á snemmbæran stuðning og hjálp og auðvelda sjálfstæða tilveru. Um leið verðum við að kanna hvernig jaðarsettustu hóparnir, sem glíma til dæmis við heimilisleysi, eiturlyfja- og áfengisfíkn eða aðrar alvarlegar félagslegar áskoranir, geta fengið þann stuðning sem þeir þurfa á að halda.

**Undirmarkmið 3.2:
Öll börn og
ungmenn eiga að
hafa sess í
samfélaginu og jöfn
tækifæri til að alast
upp við öryggi og
stöðugleika með
góðum
framfarhorfum.**

Aðstæður við uppvöxt barna geta haft áhrif á heilsu þeirra og vellíðan bæði snemma og seinna í lífinu. Þróa þarf og miðla um Norðurlönd reynslunni af því að styðja við börn og ungmenni til að stuðla að heilbrigðum og öruggum uppvexti og vegferð til fullorðinsára. Aukin notkun skjáa og stafrænna miðla hjá börnum og ungmennum hefur þá hættu í för með sér, fyrir utan að þau verða fyrir áhrifum af skaðlegu efni á netinu, að minna fer fyrir mikilvægum heilsuefandi athöfnum. Þekkingu á fyrirbyggjandi aðgerðum til að stuðla að vellíðan barna og ungmenna, meðal annars í tengslum við skjánotkun og stafræna miðla, þarf að miðla á milli norrænu landanna og efla þarf norrænt samstarf á því sviði.

**Undirmarkmið 3.3:
Allir skulu hafa
tækifæri til að taka
þátt í uppbyggilegu
félagsstarfi.**

Allir skulu hafa tækifæri til að taka þátt í félagsstarfi óháð bakgrunni og aðstæðum. Ekki hafa allir tækifæri til þess í dag. Þetta á til dæmis við um þau sem búa á strjálbýlum svæðum eða búa við bágborinn efnahag, fötlun, andleg veikindi eða aðrar félagslegar áskoranir. Við verðum að vinna markvisst að því að bæta stuðning við þessa hópa til að þeir geti tekið þátt í samfélögum, íþróttaviðburðum, félagsstarfi og öðru sem þá dreymir um að vera hluti af. Þá þurfa að finnast fyrirbyggjandi aðgerðir og gott og fjölbreytt félagsstarf fyrir börn og ungmenni sem eiga á hætt að verða utanveltu í menntun og atvinnulífi. Hér geta aðilar og verkefni borgarasamfélagsins gegnt lykilhlutverki. Þróa þarf það hlutverk frekar.

Samstarf um málefni ESB og alþjóðleg málefni

Markmið alþjóðasamstarfs ráðherranefndarinnar er að stuðla að því að fagsviðin nái markmiðum sínum, auka áhrif Norðurlanda innan svæðisins og á alþjóðavísu, skapa virðisauka fyrir bæði MR-S og alþjóðlega aðila með því t.d. að auðkenna og sinna sameiginlegum hagsmunum, miðla reynslu, skapa tengsl og marka norræna samvinnu á sviði félags- og heilbrigðismála. Samstarfið getur komið til viðbótar við annað alþjóðlegt samstarf við svæði eða lönd, t.d. nærliggjandi lönd þar sem fagsviðið sinnir áfram samstarfsverkefnum með Eystrasaltsríkjunum.

Við vinnuna er litið til Agenda 2030, alþjóðlega skuldbindinga og þeirra alþjóðlegu verkefna sem eru í gangi. Forgrunni þessa eru m.a. Barnasáttmálinn og samningur SP um réttindi fatlaðs fólks.

Sérstök áhersla er lögð á samstarf og samhæfingu varðandi málefni ESB. Félags- og heilbrigðismál hafa orðið sífellt mikilvægari í ESB-samstarfinu og það samstarf er umtalsvert þó að það einkennist að miklu leyti af aðgerðum í hverju landi fyrir sig. Aðgerðir ESB á sviði félags- og heilbrigðismála eru rædd á fundum MR-S, ÁK-S og í viðeigandi starfshópum eftir þörfum.

Aðrar alþjóðlegar samkomur eru Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) og Efnahags- og framfarastofnunin (OECD).

Úttekt á samstarfsáætluninni

Samstarfsáætlunin gildir fyrir tímabilið 2025–2030 en er skipt niður í þriggja ára starfsáætlanir fyrir tímabilin 2025–2027 og 2028–2030.

Á miðju tímabilinu verður gerð úttekt og á grundvelli hennar kann ráðherranefndin að gera breytingar á samstarfsáætluninni ásamt því að fá tillögur að því hvernig rétt sé að útfæra starfsáætlun fyrir seinni hluta tímabilsins.

Auk þess verða gerðar milliúttektir eftir því sem framkvæmdastjóri og ráðherranefndin telja þörf á.

Vinnan að því að innleiða stefnu samstarfsáætlunarinnar verður rædd sem fastur liður á fundum embættismannanefndarinnar um félags- og heilbrigðismál á hálfis árs fresti. Þá verður greint frá stöðu þeirra aðgerða sem þá eru hafnar, rætt um möguleika á nýjum aðgerðum og ákvarðanir teknar ef hlutar samstarfsáætlunarinnar þarfnast skoðunar.

Í tengslum við hverja ársskýrslu um langtímaaðgerðir og -verkefni innan ramma samstarfsáætlunarinnar verður einnig skoðað vandlega hvort aðgerðirnar hafi tilætluð áhrif eða hvort gera þurfi breytingar á starfinu.

Um ritið

Norræn samstarfsáætlun um félags- og heilbrigðismál 2025–2030

PolitikNord 2024:744

ISBN 978-92-893-7961-8 (PDF)

ISBN 978-92-893-7962-5 (ONLINE)

<http://dx.doi.org/10.6027/politknord2024-744>

© Norræna ráðherranefndin 2024

Mynd á forsiðu: Knud Andersen

Myndir: Elisabeth Edén / Image Bank Sweden, Plattform / Jonér / Image Bank
Sweden, Phia Bergdahl / Image Bank Sweden

Útgefið: Október 2024



Norræna ráðherranefndin

Nordens Hus, Ved Stranden 18, DK-1061 Kaupmannahöfn, www.norden.org

Lesi fleiri norræn rit: www.norden.org/is/utgafur